

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2001.

Rekstrarreikningur ársins 2001.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Tekjur:		
Vegna sölu forsetamyntar		300.000
Samtals tekjur		<u>300.000</u>
Gjöld:		
Styrkir	2	2.200.000
Niðurfelling styrkja		(360.000)
Rekstrargjöld		146.435
Samtals gjöld		<u>1.986.435</u>
Fjármunatekjur og fjármunagjöld:		
Vaxtatekjur	3	13.062.360
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	(6.593.600)
Fjármunatekjur		<u>6.468.760</u>
<i>Tekjur umfram gjöld (Tap)</i>		<u><u>4.782.325</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2001.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Eignir:		
Langtímakröfur:		
Spariskírteini ríkissjóðs	4	78.672.000
Veltufjármunir:		
Handbært fé		<u>1.579.278</u>
<i>Eignir alls</i>		<u><u>80.251.278</u></u>
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun		67.735.353
Endurmat		6.593.600
Hagnaður (tap) ársins		4.782.325
Samtals		<u>79.111.278</u>
Skammtímaskuldir:		
Óhafnar styrkveitingar		<u>1.140.000</u>
<i>Skuldir og eigið fé alls</i>		<u><u>80.251.278</u></u>

Skýringar með ársreikningi 2001.

Reikningsskilaaðferðir.

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu neysluverðs innan ársins, sem er 9,43%. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins.

Hinar reiknuðu hækkanir eiga að endurspeglar þá raunvirðisrýmun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.

2. *Styrkir.*

Á árinu 2001 voru eftirtöldum aðilum veittir styrkir:

	kr.
Félag um Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar	200.000
Kaupfélag Hrótfirðinga, Borðeyri	200.000
Héraðsskjalasafnið Ísafirði	200.000
Þjóðminjasafn Íslands, myndadeild	150.000
Mínjavörður Austurlands	140.000
Örnefnastofnun Íslands	160.000
Listasafn Íslands	100.000
Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	100.000
Finnur Sigfús Illugason	100.000
Hið íslenska bókmenntafélag	200.000
Landvernd	200.000
Fuglaverndarfélag Íslands	100.000
Skútustaðahreppur	150.000
Búðahreppur	100.000
Engihlíðahreppur	100.000
	2.200.000

3. *Vaxtatekjur og (gjöld).*

Vaxtatekjur eru af bankainnstæðu sjóðsins. Hluti vaxtatekna er vegna ársins 2000 eða 77 þús. kr. af 193 þús. kr.

	kr.
Vaxtatekjur	192.910
Gengistap/hagnaður vegna spariskírteina	12.869.450
Samtals kr.	13.062.360

4. *Spariskírteini.*

Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 1. fl. D 1995 til 10 ára að nafnverði 49 m.kr., sem uppreiknað til verðgildis í ársbyrjun nam kr. 67.436.250. Á árinu voru seld spariskírteini að nafnverði 1 m.kr., söluverð kr. 1.633.700. Í árslok nam spariskírteinaeign sjóðsins í framangreindum flokki 48 m.kr. að nafnverði, sem að uppfærðu verðgildi nam kr. 78.672.000.

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Þjóðhátíðarsjóðs.

Við höfum endurskoðað ársreikning Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar nr. 1-4. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög, reglur og starfsskyldur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri stofnunarinnar á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001 í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 20. júní 2002.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.

Staðfesting stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með áritun sinni.

Reykjavík, 20. júní 2002.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs.

Sigríður Ragna Sigurðardóttir.

Rannveig E. Hálfánardóttir.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Jónína Michaelsdóttir.

Björn Teitsson.

Sveinbjörn Hafliðason ritari.

25. júní 2002

Nr. 456

AUGLÝSING

um nafn sameinaðs sveitarfélags Húsavíkurkaupstaðar og Reykjahrepps.

Ráðuneytið hefur í dag staðfest nafn hins sameinaða sveitarfélags sem varð til í umdæmi sýslumannsins á Húsavík hinn 9. júní 2002 við sameiningu Húsavíkurkaupstaðar og Reykjahrepps í eitt sveitarfélag, sbr. auglýsingu nr. 301/2002.

Hið sameinaða sveitarfélag skal heita Húsavíkurbær.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. júní 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.